

240. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 20. mars 2006.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 09:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir: Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir: Björn Gunnarsson
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs
Þórlleifur Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 239. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit 2005

Úlfar sagði rekstraryfirlit svo til óbreytt frá síðasta fundi. Nettóniðurstaða allra kennsludeilda og stoðeilda að frádregnum tekjum þeirra er 917,8 m. kr., þar af 599,2 m.kr. vegna kennsludeilda og 318,6 m.kr. vegna stoðeilda. Samtals eru það 39,8 m.kr. umfram áætlun háskólans.

3. Rekstraryfirlit janúar – febrúar 2006

Úlfar dreifði rekstraryfirliti fyrstu tveggja mánuða ársins. Rekstrarniðurstaða er í samræmi við áætlun.

4. Rekstraráætlun 2006

Úlfar dreifði rekstraráætlun 2006 þar sem leiðréttur hefur verið fjöldi brautskráðra meistaranema frá einstökum deildum. Heildarniðurstaða áætlunarinnar er óbreytt en jákvæðum mismun sem leiddi af breytingunni var bætt við sérstakan lið sem rektor ráðstafar.

Rektor vakti athygli á bréfi frá menntamálaráðuneyti, dags. 27. febrúar sl., þar sem áætlunin er samþykkt.

5. Fjárlagabeiðni 2007

Úlfar gerði grein fyrir beiðni háskólans um breytingar á fjárlögum 2007. Í fyrsta lagi er óskað eftir hækkun á framlagi til kennslu vegna 95 ársnema, þ.á.m. vegna nemenda í framhaldsnámi í lögfræði og viðskiptafræði sem fyrirhugað er á árinu 2007. Í öðru lagi er óskað eftir 117,0 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna rannsókna og í þriðja lagi er beiðni um 48,0 m.kr. viðbótarframlag vegna húsaleigu á Borgum. Háskólaráð samþykkti að beiðnirnar yrðu lagðar fram.

6. Stefnumótun fyrir Háskólann á Akureyri

Rektor lagði fram tillögu um verk- og kostnaðaráætlun vegna stefnumótunar háskólans. Hann lagði einnig fram tillögu um skipun verkefnisstjórnar til að vinna eftir áætluninni. Háskólaráð samþykkti tillöguna um skipun verkefnisstjórnar og voru eftirtaldir fulltrúar skipaðir:

Þorsteinn Gunnarsson rektor, jafnframt formaður stjórnar
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu
Guðmundur Heiðar Frímannsson deildarforseti kennaradeildar
Eyjólfur Guðmundsson deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs

Einnig var samþykkt að með hópnum starfi Jóna Jónsdóttir forstöðumaður samskiptamiðstöðvar og Bjarni Jónasson forstöðumaður heilbrigðisvísindastofnunar HA verði fenginn sem ráðgjafi.

Samþykkt var að verkefnisstjórnin kynni á næsta fundi háskólaráðs grunnhugmyndir að hlutverki og framtíðarsýn háskólans til næstu fjögurra ára og leggi fram verkáætlun.

7. Undirbúningur að orkuskóla

Björn Gunnarson og Þórleifur Björnsson komu inn á fund og kynntu hugmyndir og undirbúning að stofnun orkuskóla. Um er að ræða alþjóðlegan skóla sem myndi bjóða upp á meistaranám að sviði orkufræða. Hann yrði í einkarekstrarformi en í nánum tengslum við háskólann.

Háskólaráð lýsti yfir ánægju sinni með undirbúninginn og fól rektor að vinna áfram að málinu.

Björn yfirgaf fund.

8. Rannsóknaleyfi

Þórleifur gerði grein fyrir umsóknum um rannsókn- og starfsþjálfunarleyfi á árinu 2007. Alls bárust 23 umsóknir um rannsóknaleyfi og fjórar um starfsþjálfunarleyfi. Háskólaráð hefur með fyrri skuldbindingum varið 28,0 m.kr. af rannsóknafé ársins 2007. Áætlaður kostnaður vegna nýrra leyfa árið 2007 er 76,0 m.kr. Rannsóknaleyfanefnd hefur metið allar umsóknir gildar og hefur raðað umsækjendum í forgangsrið út frá grein 10.a. í reglum um rannsóknaleyfi sem samþykktar voru 12. desember sl.

Þórleifur yfirgaf fund.

Háskólaráð staðfesti að deildir og svið bera kostnað af starfsþjálfunarleyfum og því skulu umsóknir um slík leyfi vera meðhöndluð í samráði við forstöðumenn eða deildarforseta viðkomandi eininga.

Afgreiðslu rannsóknaleyfa var frestað til næsta fundar.

9. Framhaldsnám í lögfræði

Mikael Karlsson kom inn á fund og gerði grein fyrir kennslu- og kostnaðaráætlun fyrir ML-nám í lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð samþykkti að farið yrði af stað með námið á haustmisseri 2006 með þeim fyrirvara að ráðuneytið viðurkenni fjárveitingar þar að lútandi.

10. Skipulag háskólasvæðisins

Rektor lagði fram tillögu um skipun starfshóps til að undirbúa hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu og skipulag á svæði Háskólans á Akureyri. Háskólaráð samþykkti tillöguna og voru eftirtaldir skipaðir í starfshópin:

Halldóra Haraldsdóttir lektor

Húni Heiðar Hallsson nemi

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna og rekstrar, jafnframt formaður

Steingrímur Jónsson prófessor

11. Skipun vinnuhóps um tungumál

Frestað.

12. Skipun jafnréttisráðs

Ingibjörg yfirgaf fund meðan afgreiðsla þessa dagskrárliðar fór fram.

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að eftirtaldir fulltrúar skipi jafnréttisráð til næstu tveggja ára. Fulltrúi nemenda er skipaður til eins árs.

Elín Ebba Ásmundsdóttir lektor

Geir Sigurðsson lektor

Ingibjörg Elíasdóttir aðjúnt, jafnframt formaður

Linda Björk Guðrúnardóttir nemi (nýr fulltrúi tilnefndur á aðalfundi FSHA 31. mars nk.)

Stefán Jóhann Hreinsson prófstjóri

Til vara:

Anna Ólafsdóttir lektor

Klemenz Bjarki Gunnarsson fulltrúi

Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri

- 13. Dómnefndarálit**
Háskólaráð staðfesti dómnefndarálit um hæfi Snæfríðar Þóru Egilson til að hljóta framgang í stöðu dósentis við háskólann.
- 14. Almanak Háskólans á Akureyri**
Laufey Petrea Magnúsdóttir kom inn á fund og gerði grein fyrir almanaki háskólans 2006–2007. Háskólaráð samþykkti almanakið.
- 15. Inntökuviðmið á framhaldsbraut kennaradeildar**
Fyrir fundinum lá bréf frá Guðmundi Heiðari Frímannssyni deildarforseta kennaradeildar þar sem hann óskar eftir staðfestingu háskólaráðs á inntökuviðmiðunum á framhaldsbraut kennaradeildar. Háskólaráð samþykkti beiðnina.
- 16. Samstarfssamningur um Þróunarsetur Hólaskóla**
Háskólaráð staðfesti samstarfssamning, dags. 7. mars sl., um rannsóknir og nýsköpun í Þróunarsetri Hólaskóla – Háskólans á Hólum á Sauðárkróki.
- 17. Önnur mál**
17.1 Dreift var umsögn HA um frumvarp til laga um háskóla.
17.2 Dreift var umsögn HA um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaáætlun 2006–2009.
17.3 Dreift var umsögn HA um frumvarp til laga um Matvælarannsóknir hf.
17.4 Dreift var skipunarbréfi í dómnefnd HA. Háskólaráð skipaði fulltrúa sína á síðasta fundi. Fulltrúar menntamálaráðuneytis eru Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands aðalfulltrúi og til vara Þorvaldur Ingvarsson framkvæmdastjóri lækninga.
17.5 Dreift var skýrslu Verkefnasjóðs HA um styrk Akureyrarbæjar 2005. Hlutu 18 verkefni styrk að þessu sinni fyrir samtals 1,5 m.kr.
17.6 Dreift var uppfærðum prófgráðulista HA.
17.7 Anna Þóra spurðist fyrir um hvernig mál stæðu varðandi ráðningu deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar. Rektor sagði að ráðning tengdist samningi við HÍ sem væri ófrágenginn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:05.